

AUGLÝSING

um deiliskipulag iðnaðar- og hafnarsvæðis, Hraun 1 í Fjarðabyggð.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Fjarðabyggðar þann 12. júlí 2001 samþykkt deiliskipulagið Hraun 1, iðnaðarsvæði fyrir orkufrekan iðnað, hafnarsvæði og tengdan þjónustuiðnað, við Reyðarfjörð í Fjarðabyggð.

Deiliskipulagið tekur til svæðisins sunnan Norðfjarðarvegar, frá Framnesi og að Hólmum eins og það er afmarkað á skipulagsuppdraetti.

Uppdrættir og skilmálar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulag þetta öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 30. janúar 2002.

Guðmundur Bjarnason bæjarstjóri.

28. janúar 2002

Nr. 106

REGLUR

um breytingu (7) á reglum fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

1. gr.

Í stað „kr. 25.000“ í 48. gr. reglna nr. 458/2000 komi: kr. 32.500.

2. gr.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, sbr. 5. gr. laga nr. 148/2001 og með samþykki háskólaráðs, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. janúar 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

25. janúar 2002

Nr. 107

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, landnotkunarskilgreining Borgarnes/Hvanneyri.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 25. janúar 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin felst í nýrri afmörkun þéttbýlisins á Hvanneyri þannig að landnotkunarskilgreining Borgarnes/Hvanneyri nær yfir stærra svæði.